

**ÁKVÖRDUN nr. 144****frá 9. apríl 1990****um sýnishorn af eyðublöðum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðum ráðsins  
(EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 401--E 410 F)**

(91/140/EBE)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingakerfa gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast innan bandalagsins, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll mál er varða framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og túlkun hennar og eftirfylgjandi reglugerða,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa sýnishorn af vottorðum, staðfestum yfirlýsingum, tilkynningum, umsóknunum og öðrum skjölum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 130 frá 17. október 1985 um gerð og breytingar á eyðublöðum sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3427/89 frá 30. október 1989 um samræmda lausn allra aðildarríkjanna á greiðslum fjölskyldubóta til aðstandenda sem eru ekki búsettir á yfirráðasvæði lögbærs ríkis og taka ákvæðin einnig til sjálfstætt starfandi einstaklinga,

og að teknu tilliti til eftirfarandi: }

Sumum eyðublaðasýnishornum þarf að breyta, fella þarf önnur úr gildi þar sem þau þjóna ekki lengur tilgangi sínum og taka þarf upp ný eyðublaðasýnishorn með hliðsjón af breytingum sem gerðar eru með reglugerð (EBE) nr. 3427/89.

Í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 15 var ákveðið á hvaða tungumáli eyðublöðin skyldu útbúin.

## ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

- 1) Eyðublaðasýnishorn E 401--E 410 F sem eru prentuð í ákvörðun nr. 130 skulu koma í stað sýnishornanna hér að aftan, með eftirtöldum breytingum:
  - a) sýnishornum E 401, E 402, E 403, E 404 og E 405 er breytt;
  - b) sýnishorn E 406 F, E 407 F, E 408 F, E 409 F og E 410 F eru felld úr gildi;
  - c) gefin eru út ný sýnishorn af E 406 F, E 407 F og E 408 F.
- 2) Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmetum umsækjendum, stofnunum, atvinnurekendum o.s.frv.) í té viðeigandi eyðublöð í samræmi við eyðublaðasýnishornin.
- 3) Hvert eyðublað skal vera fánlegt á opinberum tungumálum bandalagsins og þannig úr garði gert að mismunandi útgáfur séu algjörlega samsvarandi, þannig að hver sá aðili sem á að fá eyðublað (réttahafar bóta, stofnun, atvinnurekandi o.s.frv.) geti fengið það prentað á sínu eigin tungumáli.
- 4) Þessi ákvörðun tekur gildi fyrsta dag mánaðarins eftir að hún hefur birst í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

*Formaður framkvæmdaráðsins,*

E. Mc CUMISKEY

*framkvæmdastjóri.*